

Tilvísanir í greinar í Landssambandslögum aftast við hverja grein.

## REGLUGERÐ LANDSSAMBANDSLAGA

### 1. grein - Réttindi og skyldur fulltrúa

1. Allar ákvarðanir varðandi störf Landssambandsins skulu teknar af fulltrúaráðinu. (V. gr. 2)
2. Í fulltrúaráði eiga sæti tveir fulltrúar úr hverjum klúbbi og skal kosningu þeirra hagað samkvæmt ákvæðum í klúbblögum, XIII. gr.
3. Starfstími fulltrúa er tvö ár og hefst 1. október. Fulltrúar skulu mæta á aðalfundi Landssambandsins og öðrum fundum sem boðaðir eru í málefnum Landssambandsins. Á milli aðalfunda eiga þeir að taka ákvarðanir um þau mál sem stjórn Landssambandsins leggur fyrir þá til afgreiðslu. Þeir þurfa því að fylgjast vel með málefnum Landssambandsins og jafnframt skulu þeir sitja stjórnarfundum síns klúbbs, sbr. IX. gr., tölulið 4 í klúbblögum.
4. Á fundum fulltrúaráðs skulu fulltrúar kynna málefni og sjónarmið síns klúbbs en hafa óbundinn atkvæðisrétt.
5. Fulltrúaráðið afgreiðir ársskýrslu stjórnar Landssambandsins, skýrslur nefnda og verkefnastjóra, afgreiðir reikninga og fjárhagsáætlun Landssambandsins. Fulltrúaráð skal fjalla um og taka afstöðu til allra mála sem borist hafa frá Evrópusambandi Soroptimista og leggja á fyrir næsta sendifulltrúafing. Niðurstöður skal afhenda sendifulltrúum.
6. Fulltrúaráðið kýs stjórn og aðra embættismenn Landssambandsins úr hópi frambjóðenda sem klúbbarnir hafa tilnefnt til ákveðinna starfa. Klúbbarnir þurfa að tilnefna í eftirtalin embætti:
  - a. Forseta, 1. og 2. varaforseta og gjaldkera. (VI. gr. 3)
  - b. Sendifulltrúa og varasendifulltrúa. (XI. gr. 1. og 2)
  - c. Verkefnastjóra, aðstoðarverkefnastjóra og fastanefndir. (X. gr. 2)
  - d. Aðra embættismenn, sbr. 7. gr., tölulið 1e í reglugerð.
7. Allir klúbbfélagar hafa málfrelsi á landssambandsfundum og fulltrúaráðsfundum en hvorki tillögu- né atkvæðisrétt. Aðalfulltrúi eða varafulltrúi getur ekki framselt atkvæðisrétt sinn til klúbbfélaga sbr. V. grein landssambandslaga, tölulið 3, staflíð b (réttindi og skyldur fulltrúa) og 7. grein reglugerðar, 3. tölulið (kosningaréttur). (V. gr. 3b)
8. Fulltrúaráðinu ber að halda einn ársfund fyrir 30. júní ár hvert (landssambandsfund). Auk fulltrúa skulu eftirtaldir embættismenn sitja fundinn sem ráðgefandi aðilar: Stjórnarkonur, sendifulltrúar, verkefnastjóri, aðstoðarverkefnastjóri, formenn fastanefnda og annarra nefnda. Aðrir fulltrúaráðsfundir skulu haldnir samkvæmt ósk forseta, stjórnar, a.m.k. 25% fulltrúa eða starfandi sendifulltrúa. Á landssambandsfundum skal kjósa fundarstjóra sem ekki má vera úr hópi fulltrúa. Öðrum fundum stjórnar forseti eða tilnefnir fundarstjóra. (V. gr. 3. og 5)

9. Að loknum fulltrúaráðsfundum skulu fulltrúar skila skýrslu til klúbba sinna um málsmeðferð og samþykktir funda eins fljótt og unnt er.
10. Nú efnir stjórn Landssambandsins til bréflegrar atkvæðagreiðslu um aðkallandi málefni og skal hún þá senda atkvæðaseðla í ábyrgðarpósti til fulltrúa Landssambandsins. Með atkvæðaseðlunum skal fylgja greinargerð um það málefni sem greiða skal atkvæði um. Jafnframt skal formönnum klúbba gert viðvart um að bréflæg atkvæðagreiðsla muni fara fram um málefnið. Frestur til að svara skal eigi vera skemmri en 10 dagar frá póstlagningardegi. Formenn skulu senda atkvæðaseðla í ábyrgðarbréfi til stjórnar Landssambandsins og skulu þeir seðlar koma til álita við atkvæðagreiðsluna sem póstlagðir eru innan tilgreinds tímafrests. Stjórn Landssambandsins annast talningu atkvæða.

## **2. grein – Stjórnin**

Í stjórn eiga sæti forseti, 2 varaforsetar, gjaldkeri og ritari.

1. Æskilegt er að síðasti forseti sitji stjórnar- og fulltrúaráðsfundi í eitt ár eftir að hann lætur af störfum. Æskilegt er að verðandi forseti sitji stjórnar- og fulltrúaráðsfundi. (VI. gr. 2)
2. Forfallist stjórnarkona, sem ekki hefur varamann, um lengri tíma eða hún óski eftir að hætta störfum skal stjórnin velja stjórnarkonu úr hópi tveggja eða fleiri, er klúbbur sá, sem stjórnarkonan var í, tilnefnir. (VI. gr. 4.)
3. Kjörtímabil stjórnar er tvö ár og má ekki endurkjósa. Verðandi gjaldkeri starfar með gjaldkera frá landssambandsfundi fram til 1. október þegar ný stjórn tekur við. (VI. gr. 5)
4. Stjórn Landssambandsins er heimilt að halda fundi og mót þegar gert er ráð fyrir því í fjárhagsáætlun. Stjórnin, eða þeir sem hún tilnefnir, undirbýr dagskrá. (VI. gr. 7a)
5. Stjórnarfundir eru ályktunarhæfir þegar viðstaddir eru: forseti, varaforseti, ritari og gjaldkeri. Á stjórnarfundum ræður einfaldur meirihluti atkvæða þeirra sem greiða atkvæði. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði forseta. Forseti stjórnar fundum. (VI. gr. 7b)

## **3. grein - Forseti og varaforsetar**

1. Forseta skal kjósa á landssambandsfundi ári áður en hann tekur við embætti. Forseti kjörinn á þennan hátt nefnist verðandi forseti (sjá XII. gr. landssambandslaga og 2. gr., 1. tölulið í reglugerð). (VII. gr. 2 og XII. gr.)
2. Varaforsetar skulu vera tveir, 1. og 2. varaforseti. 1. varaforseti aðstoðar og fylgist með störfum verkefnastjóra og aðstoðarverkefnastjóra. 2. varaforseti aðstoðar og fylgist með störfum fastanefnda. (VII. gr. 6)

#### **4. grein - Gjaldkeri**

Gjaldkeri leggur endurskoðaða reikninga og fjárhagsáætlun fyrir stjórnina til samþykktar áður en landssambandsfundur er haldinn. Gjaldkera er heimilt að kalla til systur með viðskiptafræðimenntun og reynslu í bókhaldsuppsetningu til að fara í gegnum uppsetningu fjárhagsbókhalds og uppsetningu fjárhagsáætlunar. Tveir skoðunarmenn reikninga eru kosnir á landssambandsfundi, sbr. 7. gr., 5. lið (dagskrá landssambandsfundar), 10 d í reglugerð þessari. (VIII. gr. 2 og XII gr.)

#### **5. grein - Sendifulltrúar og varasendifulltrúar**

Landssambandið hefur tvo sendifulltrúa og tvo varasendifulltrúa og skulu þeir vera sinn úr hverjum klúbba. Kjósa skal einn sendifulltrúa og varasendifulltrúa hans á landssambandsfundi ár hvert. (XI. gr. 1a)

Æskilegt er að sendifulltrúi hafi gegnt stöðu varasendifulltrúa.

Kjörtímabil sendifulltrúa og varasendifulltrúa er tvö ár. Hvorki má endurkjósa sendifulltrúa né varasendifulltrúa. Sé varasendifulltrúi kosinn í stað sendifulltrúa áður en kjörtímabili hans er lokið, skal fulltrúaráðið kjósa varasendifulltrúa í hans stað til eins árs. Tilnefning frambjóðanda og kosning skal vera samkvæmt XIV. gr. klúbblaga og fyrri hluta þessarar greinar. (XI. gr. 2a)

#### **6. grein – Fjármál**

Fé það sem safnast vegna sérstakra verkefna skal ávaxta á sérstökum reikningum á sem hagstæðustum vöxtum. (XIII. gr. 3)

#### **7. grein - Kosningar og framboð**

1. Í síðasta lagi fjórum mánuðum fyrir landssambandsfund skal stjórn Landssambandsins senda bréf til allra klúbba sem starfað hafa í a.m.k. eitt ár. Þar skal óskað eftir útnefningu í embætti forseta. Klúbbarnir hafa 30 daga frest til að ganga frá útnefningu. Samþykki frambjóðanda skal fylgja ásamt æviágripi. Þremur mánuðum fyrir landssambandsfund skal stjórnin senda bréf til allra klúbba þar sem óskað er eftir útnefningu í eftirtalin embætti: (XII. gr. 3)
  - a. Í stjórn, 1. og 2. varaforseta og gjaldkera. Kjörgengar í öll ofangreind embætti eru núverandi og fyrrverandi stjórnarkonur klúbba, nefndarkonur, verkefnastjórar og aðstoðarverkefnastjórar, svo og núverandi og fyrrverandi fulltrúar og sendifulltrúar. Ef starfandi fulltrúi er kosinn í stjórn hættir hann störfum sem fulltrúi og varafulltrúi hans tekur við, sbr. VI. gr., tölulið 3.
  - b. Sendifulltrúa og varasendifulltrúa. Kjörgengir í þessi embætti eru aðeins núverandi og fyrrverandi fulltrúar. Nauðsynlegt er að frambjóðendur hafi gott vald á enskri tungu. Ef sendifulltrúi er kosinn í stjórn Evrópusambands Soroptimista hættir hann störfum sem sendifulltrúi en varasendifulltrúi tekur við, sbr. XI. gr., tölulið 3.

- c. Í fastanefndir sem eru þrjár; útbreiðslunefnd, fjárhagsnefnd og laganefnd. Kjörgengir eru allir virkir klúbbfélagar. Nauðsynlegt er að frambjóðandi í laganefnd hafi vald á enskri tungu. (X. gr. 1)
  - d. Verkefnastjóra og aðstoðarverkefnastjóra. Kjörgengir eru allir virkir klúbbfélagar.
  - e. Ritstjóra, ritnefnd og annarra nefnda.
2. Stjórninni er ekki skylt að taka til greina framboð sem berast eftir að frestur er útrunninn.

Einungis er heimilt að tilnefna frambjóðendur úr eigin klúbbi.

Þegar stjórninni hefur borist tilnefning klúbba í einstök embætti skal hún kanna hvort framboð séu lögleg. Skrá yfir löglega frambjóðendur skal senda fulltrúum í síðasta lagi 40 dögum fyrir landssambandsfund.

3. Kosningarétt á fulltrúaráðsfundum hafa aðeins kjörnir fulltrúar. Geti aðalfulltrúi ekki setið fund skal varafulltrúi hans mæta í hans stað. Heimilt er að gefa öðrum fulltrúa úr sama klúbbi umboð sitt ef hinn fulltrúinn eða varafulltrúi hans getur ekki mætt.
4. a. Kosning til allra embætta innan Landssambandsins skal vera bundin og leynileg og þarf samþykki 2/3 hluta fulltrúa sem viðstaddir eru og greiða atkvæði. Náist ekki meirihluti skal kjósa að nýju og nægir þá einfaldur meirihluti. Ef ekki næst þá einfaldur meirihluti skal kjósa í þriðja sinn og hlýtur sú kosningu sem fær flest atkvæði í þeirri kosningu.
- b. Atkvæðagreiðsla um skýrslur stjórnar, sendifulltrúa, nefnda, verkefnastjóra o.fl. má fara fram með handauppréttingu.
5. Landssambandsfundir eru haldnir til skiptis hjá klúbbum sem starfað hafa 2 ár eða lengur. Fundinn skal boða skriflega eða með tölvupósti með minnst 30 daga fyrirvara. Dagskrá skal fylgja fundarboði. Mál, sem fulltrúar fyrir hönd síns klúbbs vilja koma á dagskrá landssambandsfundar, þurfa að hafa borist ritara Landssambandsins a.m.k. 60 dögum fyrir landssambandsfund. Ritara er skylt að senda þau mál sem borist hafa til fulltrúa klúbbanna í síðasta lagi 40 dögum fyrir landssambandsfund.

### Dagskrá landssambandsfundar

#### Skýrslur

1. Kosning fundarstjóra og ritara
2. Skýrslur:
  - a. forseta
  - b. sendifulltrúa
  - c. gjaldkera
3. Umræður og atkvæðagreiðsla um skýrslur stjórnar og sendifulltrúa
4. Skýrslur:
  - a. fastanefnda
  - b. verkefnastjóra

- c. ritstjóra
  - d. annarra nefnda
5. Umræður og atkvæðagreiðsla um skýrslur í 4. lið.

### Kosningar

6. Kosning forseta
7. Stjórnarkjör
- a. kosning 1. varaforseta
  - b. kosning 2. varaforseta
  - c. kosning gjaldkera
  - d. atkvæðagreiðsla um tilnefningu forseta í starf ritara
8. Kosning eins sendifulltrúa og eins varasendifulltrúa hvert ár
9. Kosning fastanefnda, verkefnastjóra og aðstoðarverkefnastjóra
10. Kosning:
- a. ritstjóra og ritnefndar
  - b. sjóðstjórna
  - c. annarra nefnda
  - d. tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara
11. Kosning í gerðardóm.

### Tillögur og áætlanir

12. Tillögur um laga- og reglugerðarbreytingar. Umræður og atkvæðagreiðsla
13. Mál sem stjórnin leggur fram:
- a. fjárhagsáætlun, árgjald og inntökugjald
  - b. umræður og atkvæðagreiðsla
  - c. aðrar tillögur, umræður og atkvæðagreiðsla
14. Mál sem borist hafa. Umræður og atkvæðagreiðsla
15. Ákvörðun tekin um næsta landssambandsfund
16. Önnur mál
17. Forsetakeðjan afhent.

## **8. grein - Fastanefndir**

Fastanefndir Landssambandsins eru; útbreiðslunefnd, laganefnd og fjárhagsnefnd. Hver þessara nefnda er skipuð þremur konum. (X. gr.)

1. Hlutverk fastanefnda Landssambandsins skal vera sem hér segir:
- a. Útbreiðslunefnd vinnur að stofnun klúbba, kynsir nýjum soroptimistum uppbyggingu, tilgang og starfsemi soroptimistahreyfingarinnar. Stjórn Landssambandsins tekur ákvörðun um stofnun klúbba að fenginni tillögu eða umsögn útbreiðslunefndar.
  - b. Laganefnd á að annast þýðingar á lögum klúbba og Landssambandsins. Hún skal fylgjast með lagabreytingum sem samþykktar hafa verið af Evrópusambandi

Soroptimista og fella þær inn í lögin. Laganefnd skal vera landssambandsstjórn til ráðuneytis um túlkun laga og reglugerða. Hún skal jafnframt fara yfir allar tillögur um breytingar á klúbblögum, landssambandslögum og lögum Evrópusambands Soroptimista. Einnig er það hlutverk laganefndar að gera tillögur um reglugerðir við klúbblög og landssambandslög.

- c. Fjárhagsnefndin á ásamt gjaldkera Landssambandsins að gera árlega fjárhagsáætlun og leggja hana fyrir landssambandsstjórn til samþykktar áður en landssambandsfundur er haldinn.

Fjárhagsnefnd á að kynna fjárhagsáætlun fyrir fulltrúum og formönnum klúbba eigi síðar en þremur mánuðum fyrir landssambandsfund. Uppástungur um breytingar á fjárhagsáætlun skal senda forseta og formanni fjárhagsnefndar Landssambandsins a.m.k. 60 dögum fyrir landssambandsfund. Gjaldkeri Landssambandsins skal starfa sem nefndarkona í fjárhagsnefnd í krafti embættis síns.

Fjárhagsnefnd skal vera stjórn Landssambandsins til ráðuneytis um stjórnun og ráðstöfun fjármuna Landssambandsins og sjóða þess. (X. gr. 4a)

2. Forseti eða fulltrúi hans, sem hann tilnefnir, skal starfa með útbreiðslunefnd, svo og með laganefnd. Æskilegt er að fulltrúi forseta í laganefnd sé sendifulltrúi.
3. Kjörtímabil fastanefnda skal vera tvö ár og skal annað árið kjósa tvær konur en hitt árið eina. Heimilt er að endurkjósa nefndarkonur einu sinni. (X. gr.3)

## **9. grein – Aðrar nefndir**

Á vegum Landssambandsins starfa aðrar nefndir og skal hlutverk þeirra vera sem hér segir:

- a. Sjóðanefnd annast systrasjóð og aðra sjóði er fulltrúaráð felur henni að hafa umsjón með. Sjóðanefnd er kosin á landssambandsfundum og skal hún skipuð þremur konum. Kjörtímabil skal vera tvö ár og skal annað árið kjósa tvær konur en hitt árið eina. Heimilt er að endurkjósa nefndarkonur einu sinni. (X. gr.3 og 6)

Hver sjóður hefur sjálfstæðan fjárhag og bókhald. Skipulagsskrár sjóða skal birta aftan við reglugerð Landssambandsins. Setja skal hverjum sjóði sérstakar starfsreglur, sem leggja þarf fyrir fulltrúaráð.

- b. Skólastyrkjanefnd fer yfir umsóknir um styrki sem Evrópusamband Soroptimista veitir og kannar hvort þær uppfylli sett skilyrði. Skólastyrkjanefnd er ráðgefandi fyrir stjórn Landssambandsins. Skólastyrkjanefnd er skipuð þrem konum sem forseti Landssambandsins tilnefnir. (X. gr. 6).
- c. Ritnefnd skal annast útgáfu "FREGNA". Hún er skipuð 5 konum hið minnsta. Kosið skal til tveggja ára í senn. (X. gr. 6).

## 10. grein – Verkefnastjóri og aðstoðarverkefnastjóri

1. Fyrir Landssambandið starfar einn verkefnastjóri og einn aðstoðarverkefnastjóri. Um störf þeirra gilda starfslýsingar sem gefnar eru út af Evrópusambandi Soroptimista og eru á vef Landssambandsins (soroptimist.is).

Meginhlutverk verkefnastjóra og aðstoðarverkefnastjóra skal vera sem hér segir:

- a. Kynna verkefnakjarna (Programme Focus Objectives) Alþjóðasambands Soroptimista, Evrópusambands Soroptimista og Landssambandsins og verkefni sem Sameinuðu þjóðirnar eiga frumkvæði að með því að vinna með klúbbum og gefa klúbbfélögum ráð og leiðbeiningar.
- b. Samhæfa vinnu verkefnastjóra og aðstoðarverkefnastjóra klúbba.
- c. Starfa með og gefa skýrslur til verkefnastjóra og aðstoðarverkefnastjóra Evrópusambands Soroptimista, svo og til starfsmanna aðalstöðvanna í Evrópu sem kallast verkefnateymi Evrópusambands Soroptimista. Skýrslur skulu áður sendar forseta Landssambandsins og sendifulltrúum.

Verkefnastjóri situr fundi stjórnar Landssambandsins og gefur þar skýrslur um verkefnavinnu.

2. Kjörtímabil verkefnastjóra og aðstoðarverkefnastjóra skal vera tvö ár. Heimilt er að endurkjósa þá einu sinni.

## 11. grein - Stofnun klúbba

1. Stofnun nýrra klúbba er háð samþykki landssambandsstjórnar eftir að athugun hefur farið fram á vegum útbreiðslunefndar. Að fengnu samþykki stjórnar skal forsetinn senda skrá yfir væntanlega félag og upplýsingar um þá til forseta Evrópusambands Soroptimista og formanns útbreiðslunefndar þess. Heimilt er að stofna klúbbinn ef forseti Evrópusambands Soroptimista hefur ekki hreyft mótmælum innan 30 daga. (XIV.gr. 1 og 2)
2. Sérhver nýr klúbbur á rétt á stofnskrá (Charter) frá Evrópusambandi Soroptimista. (XIV. gr. 3)
3. Útbreiðslunefnd, forseti Landssambandsins og bráðabirgðastjórn hins nýja klúbbs vinna í sameiningu að undirbúningi, stofnfundi og stofnhátíð klúbbsins.
  - a. Útbreiðslunefnd skal láta í té allar nauðsynlegar upplýsingar og kynna aðilum strax markmið Alþjóðasambands Soroptimista.
  - b. Á þeim stað, þar sem óskað er eftir að stofna soroptimistaklúbb, skal leita til 2-3 hæfra kvenna sem njóta almenns álits og vilja vinna saman. Þær byrja á því að safna saman

kvannahópi sem myndar kjarnann í hinum nýja klúbbi. Væntanlegir félagar skulu uppfylla skilyrði klúbblaganna, V. gr. Sjá enn fremur starfsgreinalýkilinn, 2. gr., tölulíð 2 í reglugerð klúbba, svo og starfsgreinaskrá SI/E 1986.

Þegar búið er að ná í hóp hæfra kvenna er valin bráðabirgðastjórn, formaður, varaformaður og ritari.

Bráðabirgðastjórnin ber algerlega ábyrgð á því að fá nýja féлага og á undirbúningi að stofnun klúbbsins.

- c. Jafnskjótt og hópurinn telur 18 féлага skal skráin yfir væntanlega féлага samþykkt af útbreiðslunefnd og síðan af stjórn Landssambandsins sem sendir hana til Evrópusambands Soroptimista og útbreiðslunefndar þess. Í félagaskránni eiga að vera nöfn, fæðingardagur og ár, heimilisföng, sími, netföng og starfsheiti féлага á ensku/frönsku ásamt nöfnum bráðabirgðaformanns og ritara. Æskilegt er að hinn nýi klúbbur hafi a.m.k. 20 féлага. (XIV. gr. 1 og 2)
  - d. Þegar stjórn Evrópusambands Soroptimista hefur samþykkt klúbbinn, afhendir forseti þess eða sendifulltrúi, sem hann tilnefnir, stofnskrá (Charter) Alþjóðasambands Soroptimista á stofnhátíðinni. (XIV. gr. 3)
4.
    - a. Áður en stofnskrá (Charter) er afhent skal haldinn stofnfundur klúbbsins. Hann skal haldinn, ef mögulegt er, rétt á undan stofnhátíð og í viðurvist forseta Evrópusambands Soroptimista eða staðgengils hans, forseta Landssambandsins, formanns útbreiðslunefndar og allra féлага hins nýja klúbbs. Forseti Landssambandsins eða staðgengill hans stjórnar fundinum.
    - b. Fundurinn kýs formann og stjórn, og ef mögulegt er, fulltrúa í fulltrúaráð Landssambandsins samkvæmt lögum. Allir klúbbfélagar skulu samþykkja að starfa í samræmi við klúbblög en þau eru lesin fyrir féлага sem síðan undirrita eintak af þeim er varðveitt skal í skjalasafni Landssambandsins.  
  
Fundurinn ákveður árgjald og inntökugjald. Hann ákveður eigið starfsvið og skipulag klúbbsins.  
  
Haldið skal stutt erindi um sögu og skipulag soroptimistahreyfingarinnar.
    - c. Klúbburinn, þannig stofnaður, skal hlíta reglum samkvæmt landslögum og lögum og reglugerðum soroptimista. Hann er frá og með þeirri stundu í Alþjóðasambandi Soroptimista.
  5. Forseti Landssambandsins, eða staðgengill hans, stofnandi klúbbsins og forseti Evrópusambands Soroptimista, eða staðgengill hans, skulu vera við athöfnina er stofnskrá Alþjóðasambands Soroptimista er afhent.

Forseti Evrópusambands Soroptimista, forseti Alþjóðasambands Soroptimista, formaður útbreiðslunefndar Landssambandsins og formaður útbreiðslunefndar Evrópusambands Soroptimista skulu boðnir til stofnhátíðarinnar. Venja er að bjóða sem gestum klúbbsins forseta Evrópusambands Soroptimista eða staðgengli hans, og ef fjárráð leyfa, einnig stofnanda klúbbsins, forseta og sendifulltrúum Landssambandsins. Heimilt er að bjóða öðrum soroptimistum þátttöku í hátíðinni.

Klúbburinn má einnig bjóða formönnum þjónustuklúbba á staðnum, formönnum annarra alþjóðlegra samtaka svo og ráðamönnum sveitastjórnarmála á félagssvæði klúbbsins.

Stofnskráin er afhent við hádegisverðar- eða kvöldverðarboð sem klúbburinn gengst fyrir.

Gestirnir skulu sitja við háborð svo og fulltrúar frá Alþjóðasambandi Soroptimista og Evrópusambandi Soroptimista.

Formaður býður gesti velkomna. Eftirtaldir aðilar skulu flytja ávörp:

Fyrst skýrir forseti Evrópusambands Soroptimista eða staðgengill hans markmið og gildi soroptimistahreyfingarinnar. Hann afhendir stofnskrá klúbbsins í minningu Dr. Noél og veitir þar með klúbbum aðild að Evrópu- og Alþjóðasambandi Soroptimista (siður er að kveikja á fjórum kertum; einu fyrir klúbbinn, öðru fyrir Landssambandið, hinu þriðja fyrir Evrópusamband Soroptimista og hinu fjórða fyrir Alþjóðasamband Soroptimista).

Aðrir á mælendaskrá skulu fá orðið í þessari röð:

Stofnandi klúbbsins sem skal kynna féлага og afhenda þeim félagsmerki.

Forseti Landssambandsins sem kynnir nýja klúbbum aðra klúbba sambandsins.

Soroptimistar frá öðrum klúbbum sem flytja heillaóskir.

Forsvarsmenn bæjar- og sveitarfélags.

Formenn þjónustuklúbba og fulltrúar annarra alþjóðasamtaka.

Að lokum talar formaður hins nýja klúbbs.

Séu aðalræður ekki fluttar á ensku skal þýða stuttan útdrátt úr þeim fyrir hina erlendu gesti.

Sjá enn fremur sérřit Evrópusambands Soroptimista um stofnun klúbba.

## **12. grein - Lagabreytingar og reglugerðarbreytingar**

1. Uppástungur um breytingar á lögum og/eða reglugerð Landssambandsins skal senda forseta og formanni laganefndar Landssambandsins a.m.k. 60 dögum fyrir landssambandsfund. (XVI. gr. 3)
2. Laganefnd Landssambandsins fjallar um allar uppástungur um breytingar á lögum klúbba og Landssambandsins. Laganefnd kannar hvort lagalegar forsendur séu fyrir uppástungu, mótar tillögu til lagabreytingar og sendir hana forseta Landssambandsins ásamt athugasemdum. Laganefnd getur einnig átt frumkvæði að slíkum tillögum.

3. Tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum má því aðeins leggja fyrir landssambandsfund að þær séu skriflegar og birtar í dagskrá.
4. Tillögur laganefndar skal leggja fyrir fulltrúaráð og þurfa tillögur að hljóta 2/3 hluta atkvæða fulltrúa sem viðstaddir eru og greiða atkvæði. Þær tillögur sem hljóta samþykki fulltrúaráðs skal senda forseta og formanni laganefndar Evrópusambands Soroptimista (laganefnd Evrópusambands Soroptimista ins ákvarðar hvaða breytingartillögur skulu lagðar fyrir sendifulltrúaráð þess).

Uppástungur um breytingar á reglugerðum skal fara með á sama hátt og uppástungur um lagabreytingar. Þær skulu kynntar fulltrúum skriflega með góðum fyrirvara og eigi síðar en 30 dögum fyrir landssambandsfund. Tillögur um breytingar á reglugerðum skal leggja fyrir landssambandsfund og þurfa tillögur að hljóta 2/3 hluta atkvæða fulltrúa sem eru viðstaddir og greiða atkvæði til að öðlast staðfestingu. (XVI. gr. 2)

### **13. grein - Upplausn klúbba**

Glati klúbbur réttindum sínum skal stjórn Landssambandsins sjá til þess að hann skili stofnskrá (Charter), nælum, stimpli og öðrum gögnum soroptimistahreyfingarinnar. (XVII. gr. 3)

### **14. grein - Gerðardómur**

1. Í gerðardómi eiga sæti 3 konur. Kjörgengar eru fyrrverandi forsetar Landssambandsins. Gerðardómur er kosinn á landssambandsfundum og þarf 2/3 hluta atkvæða fulltrúa sem eru viðstaddir og greiða atkvæði. (XVIII. gr. 1)
2. Skrifleg beiðni klúbba um að deilumál verði lagt fyrir gerðardóm skal vera studd af a.m.k. 1/3 hluta klúbbfélaga og skal hún send forseta Landssambandsins í ábyrgðarbréfi. Gerðardómi ber að gefa deiluaðilum tækifæri til að skýra sitt mál og leggja fram nauðsynleg gögn í málinu. (XVIII. gr. 4)
3. Úrskurð gerðardóms skal tilkynna forseta Landssambandsins í ábyrgðarbréfi innan 15 daga. Forsetinn skal tafarlaust kunngjöra deiluaðilum úrskurðinn. Sjá einnig ákvæði í XVII. gr. landssambandslaga, tölulíð 2c.

### **15. grein – Ferðakostnaður og dagpeningar**

Við ákvörðun ferðakostnaðar skal miða við hagstæðustu kjör á fargjaldi og gistingu hverju sinni.

Ferðakostnaður innanlands

1. Embættismenn á vegum Landssambandsins, svo sem forseti, stjórnarkonur, fulltrúar í fulltrúaráði, sendifulltrúar, verkefnastjórar og nefndarformenn geta sótt um að fá endurgreiddan innlendan ferðakostnað samkvæmt reikningi ef ferðast er meira en 40 km til fundarstaðar. Ef ferðast er á eigin bifreið greiðist hálf tölulíð kílómetragjald samkvæmt viðmiðun ríkisskattstjóra á hverjum tíma. Hámarksreiðsla fyrir gistingu er samkvæmt viðmiðun ríkisskattstjóra.

Ferðakostnaður erlendis

2. Landssambandið greiðir ferðakostnað forseta á árlegan sendifulltrúafund Evrópusambands Soroptimista og á Norrænu vinadagana sem haldnir eru annað hvert ár. Að auki er heimilt að greiða ferðakostnað forseta á fundi Alþjóðasambands Soroptimista sem haldnir eru fjórða hvert ár. Greitt er flugfargjald, ráðstefnugjald, gistikostnaður og hálfir dagpeningar samkvæmt viðmiðun ríkisskattstjóra á hverjum tíma.
3. Landssambandið greiðir gistikostnað og hálfra dagpeninga samkvæmt viðmiðun ríkisskattstjóra fyrir ferðir sendifulltrúa á árlega sendifulltrúafundi Evrópusambands Soroptimista. Dagpeningar eru greiddir fyrir brottfaradag og þá daga sem fundurinn stendur yfir. Landssambandið greiðir fargjald fyrir varasendifulltrúa á sendifulltrúafund Evrópusambands Soroptimista.

### **16. grein - Félagaskrá**

Landssambandið skal halda félagaskrá fyrir alla klúbba sem er aðgengileg á vef Landssambandsins, soroptimist.is. Landssambandið skal gefa út nýja og leiðréttu félagaskrá fyrir alla klúbba að minnsta kosti annað hvert ár, í september. Ætla skal hverjum félagan innan Landssambandsins eintak og einnig skal senda eintak til forseta og ritara Evrópusambands Soroptimista og til aðalstöðvanna í Genf (Secrétariat Permanent - SEP).

Félagatal þeirra klúbba sem ekki hafa sent inn breytingar fyrir 30. júní sama ár endurprentast óbreytt. (XX. gr.)

### **17. grein - Upplýsingamiðlun**

Landssambandið skal miðla upplýsingum til klúbba í gegnum FREGNIR (málgagn Landssambandsins) og vef Soroptimistasambands Íslands, soroptimist.is.

FREGNIR (málgagn Landssambandsins) skal gefa út a.m.k. tvisvar á ári. Forseti Landssambandsins og ritstjóri bera ábyrgð á efni blaðsins. FREGNIR skulu flytja fréttir af starfsemi soroptimista innanlands og erlendis. Æskilegast er að FREGNIR komi a.m.k. í marsmánuði með upplýsingum um landssambandsfund og í októbermánuði með fréttir af landssambandsfundum.

Vefur Soroptimistasambands Íslands, soroptimist.is, er upplýsingaveita Landssambandsins þar sem birtar eru fréttir af starfsemi soroptimista og hvað er á döfinni hverju sinni. Einnig eru þar lög og reglugerðir Landssambandsins, starfslýsingar, fræðsluefni, upplýsingar um verkefni og fleira.

### **16. grein - Gildistaka**

Reglugerð þessi gildir frá 25. apríl 1992 með breytingum frá 28. mars 2000, 1. mars 2003, 29. apríl 2006 og 30. apríl 2011.

## Skipulagsskrá Ferðasjóðs Soroptimistasambands Íslands (SI/Í)

1. Sjóðurinn heitir – Ferðasjóður Soroptimistasambands Íslands – og var stofnaður af þeim félagsskap árið 1981.
2. Eign sjóðsins við stofnun hans var kr. sjö hundruð – 700.00. Skal hún ávöxtuð á þann hátt sem hagkvæmust er á hverjum tíma.
3. Heimilt er að veita fé úr sjóðnum í samræmi við þær þarfir sem upp kunna að koma hverju sinni og sem samræmist tilgangi hans. Ætíð skal því skilja eftir í honum við veitingu lágmarksupphæð að fjárhæð kr. 50.000.00 m.v. vísitölu neysluverðs í jan. 1996 sem er 174,2 stig. Ekki er heimilt að leggja sjóðinn niður nema með samþykki aðalfundar (landssambandsfundar) SI/Í.
4. Tekjur sjóðsins eru:
  - a. Vextir og arður af verðbréfum.
  - b. Áheiti og gjafir.
  - c. Framlög sem aðalfundur (landssambandsfundur) SI/Í samþykkir hverju sinni og hafa verið sett fram í fjárhagsáætlun.
5. Tilgangur sjóðsins skal vera þessi:
  - a. Að styrkja íslenska soroptimista til þátttöku í norrænni samvinnu á vegum soroptimistasamtakanna, svo sem til þátttöku í Norrænum vinadögum, fundum, ráðstefnum o.fl.
  - b. Að styrkja íslenska soroptimista til að sækja fundi og ráðstefnur sem haldnar eru á vegum soroptimista þegar þær fjalla um málefni sem ávinningur er talinn fyrir íslenska soroptimista að taka þátt í.
6. Stjórn SI/Í annast umsýslu sjóðsins. Til samþykktar fyrir styrkveitingu úr honum þarf 4/5 atkvæða stjórnarinnar. Halda skal skrá yfir styrkþega og tilgreina til hvaða ferðar styrkurinn var veittur.
7. Reikningsár sjóðsins skal vera reikningsár SI/Í og reikningar hans endurskoðaðir af endurskoðendum SI/Í og lagðir fram á aðalfundi (landssambandsfundi).
8. Breytingar á skipulagsskrá þessari skal fara með eins og breytingar á reglugerð Landssambands Soroptimista.

Þannig samþykkt á landssambandsfundi 1996.

## Skipulagsskrá Systrasjóðs Soroptimistasambands Íslands

1. gr. Sjóðurinn heitir Systrasjóður Soroptimistasambands Íslands og er stofnaður af þeim félagsskap.
2. gr. Tilgangur sjóðsins er að styrkja soroptimistasystur í neyðartilfellum, t.d. vegna slysa, veikinda eða andláts í fjölskyldunni og/eða í öðrum sambærilegum tilvikum.
3. gr. Tekjur sjóðsins eru:
  - a. Vextir af bankainnstæðum og/eða verðbréfum.
  - b. Áheit og gjafir, dánar- og minningargjafir.
  - c. Framlag samkvæmt 4. gr.
4. gr. Sjóðseign skal eigi vera hærri en svarar fjórum mánaðarlaunum grunnskólakennara í hæsta launaþrepi. Telji sjóðsstjórn þörf á að auka fé til sjóðsins skal hún leggja fram tillögur með nægum fyrirvara fyrir landssambandsfund soroptimista með ósk um framlag til sjóðsins.
5. gr. Stjórn sjóðsins annast umsýslu hans. Hún veitir tekjum sjóðsins viðtöku. Sjóðseign skal ávöxtuð á þann hátt sem hagkvæmast er á hverjum tíma, þó þannig að hún skuli vera handbær með skömmum fyrirvara. Stjórnin úthlutar fé úr sjóðnum samkvæmt ábendingu frá stjórnnum klúbbanna.
6. gr. Úthlutun úr sjóðnum skal vera trúnaðarmál og skal nafn styrkþega afmáð að úthlutun lokinni.
7. gr. Árlega getur sjóðsstjórn veitt einn eða fleiri styrki og skal hver styrkur nema að upphæð sem svarar einum mánaðarlaunum grunnskólakennara í hæsta launaþrepi.
8. gr. Skipun stjórnar.

Stjórn sjóðsins skipa þrjár konur og ein til vara. Stjórnarkonur skulu ekki vera úr sama klúbbi. Árlega skal kosin ein kona í nefndina til tveggja ára og ein til vara annaðhvert ár. Stjórnarkonur má ekki endurkjósa fyrr en eftir 2ja ára hlé. Gjaldkeri sambandsins er sjálfkjörinn í nefndina hverju sinni. Sú stjórnarkona sem setið hefur eitt ár í nefndinni skal gegna formannsembætti. Fundur er því aðeins ályktunarhæfur að hann sitji allar stjórnarkonur eða, ef með þarf, varastjórnarkona. Stjórnin skal færa fundargerðarbók.
9. gr. Reikningsár sjóðsins miðast við 1. október ár hvert.
10. gr. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Soroptimistasambands Íslands og lagðir fram á landssambandsfundi ár hvert.
11. gr. Breytingar á skipulagsskrá þessari skulu lagðar fram á landssambandsfundi Soroptimistasambands Íslands.

## Skipulagsskrá Verkefnasjóðs Soroptimistasambands Íslands

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Verkefnasjóður Soroptimistasambands Íslands og er stofnaður af Soroptimistasambandi Íslands (SI/Í) á landssambandsfundi 2008.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja verðug málefni er tengjast markmiðum og verkefnasviðum SI/Í, á Íslandi og erlendis.

### 3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Framlag sem landssambandsfundur ákveður árlega að fenginni tillögu stjórnar SI/Í.
- b) Vextir og arður af innstæðum og verðbréfum.
- c) Áheit og gjafir.
- d) Fjáröflun sem stjórn SI/Í kýs að efna til.
- e) Önnur framlög sem forseti SI/Í kýs að ráðstafa til sjóðsins hverju sinni.

### 4. gr.

Stjórn SI/Í annast umsýslu sjóðsins. Sjóðseign skal ávöxtuð á þann hátt sem hagkvæmast er á hverjum tíma en þó þannig að hún sé tæk til úthlutunar með skömmum fyrirvara.

### 5. gr.

Stjórn SI/Í úthlutar úr sjóðnum. Halda skal skrá yfir úthlutanir. Stjórnin skal eftir því sem við á óska eftir skýrslu viðtakanda um ráðstöfun styrks eða verkefnis þess er styrkur er veittur til.

### 6. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera reikningsár SI/Í. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum SI/Í og lagðir fram á landssambandsfundi.

### 7. gr.

Um breytingar á skipulagsskrá þessari fer eins og um breytingar á reglugerð Soroptimistasambands Íslands.

Þannig samþykkt á landssambandsfundi 19. apríl 2008.